

Hlíf Sigurjónsdóttir fiðluleikari



Listasafn Sigurjóns Ólafssonar
þriðjudaginn 7. mars 2023 kl. 20:00

Johann Sebastian Bach fæddist inn í þekktu tónlistar-fjölskyldu í Eisenach árið 1685. Foreldrar hans létust báðir er hann var barn að aldri og flutti hann þá til elsta bróður síns sem var organisti í nágrennabænum Ohrdruf og stundaði þar tónlistarnám.

Í upphafi ferils síns starfaði hann sem organisti og um tíma einnig sem hirðhljóðfæraleikari, en var ráðinn til hirðar Wilhelm Ernst greifa af Weimar árið 1708. Sex árum síðar varð hann konsertmeistari við sömu hirð. Árið 1717 yfirgaf hann Weimar og réðst til starfa að hirð Leopolds prins af Anhalt-Cöthen til ársins 1723. Þaðan fór hann til Leipzig og gegndi stöðu kantors við Tómasarkirkjuna til dauðadags árið 1750.

Meðan Bach starfaði sem organisti í Weimar samdi hann mörg orgelverk og var þekktur og viðurkenndur sem orgelleikari. Í Cöthen hafði hann engum kirkjulegum skyldum að gegna, en bar hins vegar ábyrgð á öllum tónlistarflutningi við hirðina og samdi þá fjölda verka fyrir hin ýmsu hljóðfæri. Í Leipzig skóp hann bæði kirkjulega og veraldlega tónlist.

Ciaccona, lokakafli Partítu II er eitt af þekktustu verkum barrokk tímans og hefur verið útsett fyrir flestar tegundir hljóðfæra og hljóðfærasamsetninga sem hugsast getur, svo sem orgel, flautu, saxófón, trompet, marömbu, sellódúó og einnig fyrir hljómsveit. Johannes Brahms taldi hana vera eitt dásamlegasta og dularfyllsta tónverk sem samið hefur verið.

Líkur hafa verið leiddar að því að Bach hafi samið þetta verk eftir að hann kom heim úr ferðalagi og komst að því að kona hans og móðir sjö barna þeirra, Maria Barbara, hafði látist nokkru áður.

Sónata II í a moll BWV 1003

Grave
Fuga
Andante
Allegro

Partíta II í d moll BWV 1004

Allemanda
Corrente
Sarabanda
Giga
Ciaccona

„Einleiksverk þessi hafa fylgt mér allar götur frá námsárum mínum hjá Birni heitnum Ólafssyni konsertmeistara (1917-1984), en ég var svo lánsöm að stunda nám hjá þessum frábæra tónlistarmanni. Björn áleit sönötur og partítur Bachs biblíu fiðluleikarans og mér eru þessi verk mjög hugstæð. Lærimeistari Björns var fiðluleikarinn Adolf Busch. Síðasti kennari minn Gerald Beal (1932-2002), sem numið hafði hjá Jascha Heifetz, opnaði nýjar leiðir að þessum tónsmíðum með frumlegum tæknilegum lausnum og tærri músíkalskri nálgun.“


Hlíf Sigurjónsdóttir

Hlíf Sigurjónsdóttir er fædd í Kaupmannahöfn en ólst upp í Reykjavík. Hún nam fiðluleik hjá Birni Ólafssyni konsertmeistara við Tónlistarskólann í Reykjavík og fór síðar til framhaldsnáms við Háskólana í Indiana og Toronto og Listaskólann í Banff. Einnig nam hún hjá Gerald Beal fiðluleikara í New York borg.

Á námsárum sínum kynntist hún og vann með mörgum merkustu tónlistarmönnum tuttugustu aldarinnar, þar á meðal William Primrose, Zoltan Szekely, György Sebök, Rucciero Ricci og Igor Oistrach.

Hlíf hefur haldið fjölda einleikstónleika og leikið með sinfóníuhljómsveitum og kammersveitum víða um Evrópu, í Bandaríkjunum og Kanada, leikið inn á upptökur fyrir útvarp, sjónvarp og geisladiska við frábæran orðstír. Hún hefur frumflutt mörg tónverk sem hafa verið samin sérstaklega fyrir hana og hefur einleiksdiskur hennar *DIALOG-US* hlotið frábæra dóma, m.a. valdi Maria Nockin gagnrýnandi Fanfare tímaritsins hann sem einn af bestu diskum ársins 2015.

Árið 2020 stóð hún fyrir útgáfu geisladisksins „Sagan í tónum, úr hljóðritasafni Ríkisútvarpsins“ með úrvals upptökum á leik Björns Ólafssonar konsertmeistara. Nú síðar í þessum mánuði stendur hún fyrir tónleikum í Listasafni Sigurjóns Ólafssonar þar sem fleiri upptökur verða leiknar úr þeim fjársjóði sem kjallari Ríkisútvarpsins geymir.



Næstu tónleikar í LSÓ

14. mars: *Morricone og Rota í nýju ljósi*

Pemela De Sensi, Ármann Helgason, Sigurður Halldórsson og Eva Pyri Hilmarsdóttir. Á vegum FÍT.

21. mars: *Einleikstónleikar á fiðlu*

Hlíf Sigurjónsdóttir, þriðju tónleikar með einleiksverkum eftir J.S. Bach.

28. mars: *Þrjár af Mannheim sönötum Mozarts*

Hlíf Sigurjónsdóttir og Nína Margrét Grímsdóttir.